



**Heillaóskir
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
í tilefni af
aldarafmæli Vestmannaeyjabæjar**

Ágætu Eyjamenn!

Á aldarafmæli Vestmannaeyjabæjar sendi ég ykkur góðar kveðjur og óskir um farsæld í framtíðinni. Á hundrað árum hefur samfélagið í Eyjum dafnað og breyst til batnaðar. Fyrr á tíð var lífsbaráttan mun harðari. Hafið gaf og hafið tók, það fann fólkið á ykkar heimaslóð eins vel og íbúar annarra sjávarplássá á Íslandi. Enn er það svo að þið Eyjamenn reiðið ykkur á auðlindir hafsins og vinnið úr þeim verðmæti sem þjóðin öll nýtur góðs af. Í návígi ykkar við náttúruöflin hafið þið líka mætt gífurlegri ógn og eyðileggingu; tímatali í Eyjum er víst gjarnan skipt í árin fyrir og eftir gos og ætti það ekki að koma á óvart.

Um okkar daga er byggðin í Eyjum blómleg. Á þessu afmælisári munu ýmis tilefni gefast til að rifja upp þætti og atvik úr merkri sögu byggðarlagsins og fólksins sem hér hefur skapað samheldið samfélag. Sjálfur vil ég þakka fyrir góðar móttökur þegar leið mín hefur legið til Vestmannaeyja, ekki síst við hina ýmsu íþróttaviðburði fyrir yngri kynslóðina. Þá finnur maður svo vel samtakamátt ykkar, dugnað og djörfung, hlýju, hispursleysi og gestrisni.

Reyndar er það rannsóknarefni hversu margt öflugt íþróttafólk hefur vaxið úr grasi í Vestmannaeyjum, lagt hart að sér, uppskorið ríkulega og orðið landi og þjóð til sóma. Þetta vitum við Íslendingar, þökkum fyrir og vonum að ekkert lát verði á þessari afreksfólksframleiðslu ykkar Eyjamanna. En ekki geta allir skarað fram úr í íþróttum þrátt fyrir vonir um frama og iðjusemi við æfingar, það þekki ég af eigin raun. Og þau sannindi gilda reyndar um samfélagið allt. Vissulega þurfum við að brýna fólk til dáða, ekki síst æsku landsins. Já, vissulega megum við hvetja ungmenni okkar til að setja sér göfug markmið, reyna á sig, sýna seiglu og bogna ekki við minnsta andbyr. Eins brýnt er þó að við leyfum öllum að njóta sín á eigin forsendum, fögnum fjölbreytni og hlúum að þeim sem þurfa aðstoð í lífinu, mikla eða litla eftir atvikum. Þetta getið þið gert svo vel í ykkar öfluga byggðarlagi, ágætu Eyjamenn, þar sem fólk kann að standa saman og leggja lið.

Ég ítreka heillaóskir mínar til ykkar og hlakka til frekari samfunda á eyjunni fögru.